

## LÖG

### um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 55. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að kosið skuli byggðarráð. Í bæjum og kaupstöðum nefnist byggðarráðið bæjarráð, í hreppum hreppsráð og í Reykjavík nefnist það borgarráð.

2. gr.

4. mgr. 55. gr. laganna orðist svo:

Í sveitarstjórnnum, sem skipaðar eru sjö eða níu fulltrúum, skal byggðarráð skipað þremur aðalmönnum úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórn, en fimm eða sjö aðalmönnum þar sem ellefu eða fleiri fulltrúar eru í sveitarstjórn. Jafnmargir varamenn skulu kosnir. Sveitarstjórn er þó heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að þeir aðalfulltrúar og varafulltrúar, sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni byggðarráðsmaður, verði varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Jóhanna Sigurðardóttir.*

## LÖG

### um breytingu á læknalögum, nr. 53/1988.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðari mgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra setur nánari reglur um gerð og útgáfu læknisvottorða að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands og að fenginni umsögn heildarsamtaka launafólks og vinnuveitenda.

2. gr.

Fyrirsögnin í staflíð G í III. kafla laganna verði:

*Meðferð upplýsinga í sjúkraskrá.*